

Sp.

97. Tillaga til þingsályktunar

[93. mál]

um sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Guðni Ágústsson, Óli P. Guðbjartsson,
Margrét Frimannsdóttir, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

G r e i n a r g e r ð .

Nýlega lauk störfum starfshópur sem menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu í janúar 1986. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla sem starfi á framhaldsskólastigi.

Í álitum starfshópsins kemur fram að æskilegt sé að sameina að einhverju leyti þá þrjá skóla sem nú eru starfandi á þessu sviði, þ.e. Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Jafnframt kemur fram að bæta þurfi við nýjum námsbrautum svo sem fiskeldisbraut og endurmenntunardeild. Hlutverk skólans yrði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk. Hann starfi á framhaldsskólastigi, en geti orðið leið brautskráðra nemenda til háskólanáms kjósi þeir að leggja í frekara nám.

Starfshópurinn telur að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur búinn til að takast á við verkefni sín. Ætla megi að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans, njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Eðlilegt væri að sjávarútvegsskóli félli undir ákvæði væntanlegra framhaldsskólalaga. Þar til slík löggjöf tekur gildi getur hins vegar reynst nauðsynlegt að setja sérstök lög um skólann svo að framgangur málsins teffist ekki úr hömlu.

Fyrir sjávarútveginn er afar brýnt að betri skipan komist á menntunarmál atvinnuvegarins, þannig að alltaf sé kennt það nýjasta og hagkvæmasta á sviði sjávarútvegs.

Ljóst er að staðsetning slíkrar menntastofnunar skiptir mjög miklu máli. Æskilegt er að skólinn sé í nánnum tengslum við atvinnugreinina sjálfa og að nemendur og starfslíð skólans eigi greiðan aðgang að öllum greinum sjávarútvegsins.

Í Vestmannaeyjum eru ákjósanleg skilyrði til slíks skólahalds. Vestmannaeyjar eru langstærsta verstöð landsins og þar er að finna flest það sem er nýjast og fullkomnast í íslenskum sjávarútvegi. Í Vestmannaeyjum starfa fyrirtæki í flestum greinum útgerðar, svo sem í fiskiðnaði og útflutningi, og fyrirtæki sem framleiða og versla með útgerðarvörur.

Þá er þess að geta að í Vestmannaeyjum er þegar nokkur grunnur á að byggja í þessu efni, en þar er þegar starfandi stýrimannaskóli og vélskólabraut við framhaldsskólann.

Nemendur skólans ættu því greiða leið að flestum þáttum hins lifandi starfs í sjávarútvegi. Vart er því vöð á ákjósanlegri jarðvegi fyrir væntanlegan sjávarútvegsskóla.

Með því að ákveða að staðsetja sjávarútvegsskólann í Vestmannaeyjum væri stigið mikilvægt skref til jafnvægis í byggðamálum eins og fyrirheit er gefið um í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.